

A 1735/velfærd

Flytjandi Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Þingmannatillaga um útvíkkaða jafnlaunavottun

Tillaga

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær kanni möguleika á að þróa samnorrænan staðal fyrir jafnlaunavottun.

Bakgrunnur

Jafnréttisbaráttan hefur löngum fjallað um formleg réttindi konum til handa. Á okkar tímum fjallar jafnrétti ekki um karla eða konur heldur jöfn tækifæri óháð kyni. Samkvæmt KVINFO¹ getur kyn ekki staðið eitt auk þess sem jafnréttis verði einungis náð í samspili kynjanna. Líta ber á jafnrétti í víðara samhengi, út frá samverkandi áhrifum fleiri þátta en auk kyns má nefna aldur, félagshagfræðilegar aðstæður, kynþátt, þjóðerni, búsetu og kynverund sem hafa áhrif á líf fólks.

Norðurlöndin eru þekkt fyrir forgöngu sína í jafnréttismálum. Jafnrétti byggir einmitt á samnorrænni velferðarhugsun og er jafnframt ein grunnstoð norræna velferðarmóðelsins. Engu að síður benda norrænar rannsóknir til þess að of hægt miði í jafnréttisátt á Norðurlöndum.

Þrátt fyrir að karlar og konur njóti sömu lýðræðislegu réttinda á pappírnum er því miður munur á formlegum og raunverulegum aðstæðum. Norðurlöndin kljást enn við kynjaskiptan vinnumarkað og þörf er á að móta nýjar aðgerðir á því sviði.

Útvíkkuð jafnlaunavottun

Á undanförunum árum hafa Íslendingar beitt sér markvisst gegn misrétti á vinnumarkaði og launamuni kynjanna. Þegar á árinu 2008 var ákvæði bætt inn í íslenska jafnréttislöggjöf² þess efnis að þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, skyldi þróa staðal um launajafnrétti í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Árið 2012 var jafnlaunastaðall kynntur til sögunnar, það er stjórnunarstaðall fyrir jafnlaunakerfi. Jafnlaunavottunin var kynnt sem valfrjálst kerfi

¹ <http://kvinfo.dk/om-kvinfo/i-kvinfo-arbejder-vi-altid-med-et-mangfoldighedsperspektiv>

² <http://www.althingi.is/lagas/146a/2008010.html>



fyrir fyrirtæki sem vildu fylgjast með því hvernig þeim gekk að uppfylla kröfur jafnlaunastaðalsins. Vinnunni er ekki lokið og stöðugt fjölgar þeim fyrirtækjum og stofnunum sem velja að taka jafnlaunastaðalinn í notkun.

Við síðustu ríkisstjórnarmyndun á Íslandi tilkynnti nýr félags- og jafnréttismálaráðherra, Þorsteinn Víglundsson, að ríkisstjórnin hygðist ganga skrefinu lengra og setja lög um jafnlaunavottun³.

Jafnaðarmenn í Norðurlandaráði telja að jafnlaunastaðall í formi jafnlaunavottunar sé mikilvægt tæki í baráttunni gegn kynjaskiptingu á vinnumarkaði og óska eftir því að íslenska verkefnið verði þróað og innleitt sem samnorrænt módel fyrir öll löndin. Hópurinn óskar ennfremur eftir því að kannaður verði möguleiki á að útvíkka módelið með öðrum jafnréttisbreytum út frá samverkandi áhrifum þeirra.

Reykjavík, 19. september 2017

Annette Lind (S)
Erkki Tuomioja (sd)
Eva Sonidsson (S)
Gunvor Eldegard (A)
Irene Johansen (A)
Johan Andersson (S)
Jorodd Asphjell (A)
Karen J. Klint (S)
Karin Gaardsted (S)
Kjell-Idar Juvik (A)
Kåre Simensen (A)
Lennart Axelsson (S)

Maarit Feldt-Ranta (sd)
Odd Omland (A)
Oddný Harðardóttir (A)
Orla Hav (S)
Peter Johnsson (S)
Phia Andersson (S)
Pyry Niemi (S)
Rikard Larsson (S)
Sonja Mandt (A)
Suzanne Svensson (S)
Tony Wikström (ÅSD)

³ <http://www.arbeidslivinorden.org/artikler/portrett/portrett-2017/article.2017-01-29.4322976624>